

Skjalastefna Borgarbyggðar

Í starfsemi Borgarbyggðar verða til og eru varðveitt gögn sem styðja við rekstur stofnunarinnar. Borgarbyggðar ber ábyrgð á þessum gögnum, í skjalastjórn er leitast við að tryggja að öll meðferð skjala sé áreiðanleg og að skjölin séu ávallt aðgengileg og varðveitt í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Umfang

Stefnan nær til allra gagna sem tengjast rekstri stofnunarinnar óháð miðlum. Nánar er fjallað um umfang og vinnulag við meðferð skjala í verklagsreglum um meðferð skjala hjá Borgarbyggð en stefnan nær til allra þeirra sem starfa hjá Borgarbyggð eða eru stofnuninni samningsbundnir.

Markmið

Meðferð skjala skal lúta skilgreindum verklagsreglum allt frá móttöku, myndun, flokkun og skráningu til endanlegrar varðveislu eða eyðingar. Þessar áherslur skulu endurspeglast í öllum kerfum bæjarins og vinnulagi starfsmanna Borgarbyggðar.

Leiðir að markmiði

- Skjalavistunaráætlanir og málalyklar styrki samræmda skráningu skjala og stuðli að virkri og samþykktri grisjunaráætlun.
- Verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar séu samræmdar hjá öllum sviðum og stofnunum Borgarbyggðar.
- Markviss kynning á skjalastjórn, lögum og reglum
- Skjalakerfið (Onesystems) sé sérsniðið að þörfum sveitarfélagsins og þeirra skjala sem þar verða til.
- Möguleikar Þjónustugáttarinnar (frá OneSystems) séu nýttir til fulls.
- Aðgangstýringar skjala fari eftir ábyrgð og hlutverki starfsfólks.
- Eftirlit haft með að unnið sé eftir skjalastefnu Borgarbyggðar hjá öllum sviðum og stofnunum sveitarfélagsins og að starfsmenn Borgarbyggðar fari eftir þeim verklagsreglum varðandi skjalastjórnun, fundarritun og meðferð skjala sem vinna skal eftir.

Ábyrgð

Sveitarstjóri: er ábyrgur fyrir skjalavörslu Borgarbyggðar og gætir þess að skjalastefnan sé í samræmi við lög og reglugerðir. Sveitastjóri tryggir skjalastjóra stuðning við framkvæmd skjalastefnu Borgarbyggðar.

Skjalastjóri: hefur faglega umsjón með skjala- og upplýsingarstjórnun í umboði sveitastjóra og framfylgir skjalastefnu með stuðningi hans og sviðstjórum. Hann ber ábyrgð á innleiðingu skjalastjórnunar og er til ráðgjafar.

Sviðsstjórar: tryggja að myndun og varðveisla skjala sé hluti af starfsemi sviðsins og í samræmi við samþykktar verklagsreglur.



BORGARBYGGÐ

Forstöðumenn og aðrir stjórnendur: eru ábyrgir fyrir skjalavörslu og upplýsingastjórnun sinnar stofnunar. Þeir tryggja að myndun og varðveisla sé hluti af starfsemi stofnana og séu í samræmi við gildandi verklagsreglur.

Allir starfsmenn: bera ábyrgð á þeim skjölum sem þeir mynda, móttaka og varðveita til sönnunar um starfsemi sé í samræmi við settar verklagsreglur.

Staðfest af Byggðaráði dags. 19.12.2024

Samþykkt í Sveitastjórn dags. 16.01.2025



BORGARBYGGÐ